# Námsmat í Ísaksskóla

Í Ísaksskóla er lögð áhersla á að veita nemendum endurgjöf á vinnu sína og frammistöðu jafnt og þétt yfir skólaárið. Leiðsagnarmat og símat gegna stóru hlutverki í námsmati skólans.

Námsmat í 6 til 9 ára bekkjum er skráð á mentor.is. Hæfniviðmið skólans liggja til grundvallar matinu. Kennarar meta þau viðmið úr skólanámskrá sem áhersla er lögð á hverju sinni. Þannig hafa nemendur og foreldrar þeirra góða yfirsýn yfir að hverju er stefnt og hvernig nemandanum gengur að ná markmiðum sínum.

Námsmat er gefið í umsögnum samkvæmt eftirfarandi matskvarða. Áhersla er lögð á að kennarar skrifi umsögn um hvernig nemandi geti bætt sig þegar það á við.




Í ákveðnum námsgreinum, t.d. samfélags- og náttúrugreinar, er þó ekki stuðst við þennan matskvarða heldur einungis gefið lokið/ólokið.

Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á skólaárinu, í október og febrúar. Þar gefst tækifæri til að skoða námsmatið saman, taka stöðuna og skipuleggja næstu skref.

Í lok hvers skólaárs fá nemendur útskriftarbók með umsögn/kveðju frá umsjónarkennara auk yfirlits yfir helstu námsgreinar og viðburði á skólaárinu. Framan á bókinni er mynd af nemandanum og bekkjarmynd aftan á. Nemendur í 6 til 9 ára bekkjum fá einnig útprentað yfirlit yfir þróun lesturs samkvæmt frammistöðu á lesfimiprófum Menntamálastofnunar. Allt annað námsmat er skráð á mentor.is

Í lok skólaársins fá nemendur sem útskrifast úr 9 ára bekk í Ísaksskóla útprentað skjal af mentor.is með lokaeinkunn í öllum greinum. Lokaeinkunn er gefin í bókstöfum í öllum greinum nema í dansi.

| **A** |
|---|
| **Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi. Horft er til:**<br><br>- Virkni og áhugi<br>- Hópavinna og samskipti<br>- Sjálfstæði í vinnubrögðum<br>- Frumkvæði og sköpun<br>- Vandvirkni og vinnubrögð<br>- Hæfni á námssviði |
| **Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.** |

| **B+** |
|---|
| **Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.**<br><br>- Virkni og áhugi<br>- Hópavinna og samskipti<br>- Sjálfstæði í vinnubrögðum<br>- Frumkvæði og sköpun<br>- Vandvirkni og vinnubrögð<br>- Hæfni á námssviði |
| **Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.** |

| B |
|---|
| **Góð hæfni og frammistaða í námi, hæfni náð.**<br><br>- Virkni og áhugi<br>- Hópavinna og samskipti<br>- Sjálfstæði í vinnubrögðum<br>- Frumkvæði og sköpun<br>- Vandvirkni og vinnubrögð<br>- Hæfni á námssviði |
| **Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.** |

| C+ |
|---|
| **Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.**<br><br>- Virkni og áhugi<br>- Hópavinna og samskipti<br>- Sjálfstæði í vinnubrögðum<br>- Frumkvæði og sköpun<br>- Vandvirkni og vinnubrögð<br>- Hæfni á námssviði |
| **Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.** |

| C |
|---|
| **Sæmileg hæfni og frammistaða í námi. Horft er til:**<br><br>- Virkni og áhugi<br>- Hópavinna og samskipti<br>- Sjálfstæði í vinnubrögðum<br>- Frumkvæði og sköpun<br>- Vandvirkni og vinnubrögð<br>- Hæfni á námssviði |
| **Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.** |

| D |
|---|
| **Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant.  Horft er til:**<br><br>- Virkni og áhugi<br>- Hópavinna og samskipti<br>- Sjálfstæði í vinnubrögðum<br>- Frumkvæði og sköpun<br>- Vandvirkni og vinnubrögð<br>- Hæfni á námssviði |
| **Athugið að hæfnikort nemanda endurspeglar ekki alltaf lokamat. Kennurum er treyst til að leggja lokamat á hæfni nemenda.** |